

GJALDSKRÁ

HS Veitna hf. fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

HS Veitur hf. selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS Veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að mati HS Veitna hf.

Vatnsrennsli að húsinu verður mælt með þar til gerðum magnmælum eða af sérstökum ástæðum, að mati HS Veitna hf., takmarkað með magnhemli.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi á Suðurnesjum greiða samkvæmt magnmæli:

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	<i>m. 24% vsk</i>	
Til húshitunar (80°C frá dælustöð)	146,71	162,85		kr./m ³
Til húshitunar (90°C frá dælustöð)	161,41	179,17		kr./m ³
Til annarra nota	146,71		181,92	kr./m ³
Til iðnaðar*	124,70		154,63	kr./m ³

* sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar

Ef ekki er talið hægt að innheimta eftir magnmæli skal greiða samkvæmt magnhemli:

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
Húshitun l/m á ári (80°C frá dælustöð)	52.266,00	58.015,00	kr.
Húshitun l/m á dag (80°C frá dælustöð)	143,19	158,95	kr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi í Vestmannaeyjum greiða samkvæmt magnmæli:

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
<i>Til íbúða húshitunar</i>			
VM1 m ³	354,87	377,65	kr./m ³
VM2 m ³	88,60	94,27	kr./m ³
VM2 kWh	5,94	6,32	kr./kWh

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: www.os.is

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
<i>Til húshitunar annars en íbúða</i>			
VM3 m ³	333,67	370,37	kr./m ³
VM4 m ³	82,92	92,04	kr./m ³
VM4 kWh	5,54	6,15	kr./kWh

4. gr.

Fastagjald fer eftir stærð mælis/hemils og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir á Suðurnesjum:

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	<i>m. 24% vsk</i>	
Mælir eða hemill allt að 20 mm	9.780,00	10.856,00	12.127,00	kr./ár
Mælir eða hemill allt að 20 mm	26,79	29,74	33,22	kr./dag
Mælir allt að 25-50 mm	19.596,00	21.752,00	24.299,00	kr./ár
Mælir allt að 25-50 mm	53,69	59,59	66,57	kr./dag
Mælir 65 mm og stærr	39.155,00	43.462,05	48.552,00	kr./ár
Mælir 65 mm og stærr	107,27	119,07	133,02	kr./dag

Fastagjald fer eftir stærð mælis og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir í Vestmannaeyjum:

<i>Flokkur og stærð mæla</i>	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	28.872,00	32.048,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	79,10	87,80	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	57.527,00	63.855,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	157,61	174,95	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	115.318,00	128.003,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	315,94	350,69	kr./dag

5. gr.

Hitaveitugjöld skv.3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS Veitur hf. ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldldaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS Veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

	<i>án vsk</i>	<i>m. 11% vsk</i>	
DN 20 mm heimæð	328.681	364.836	kr.
DN 25 mm heimæð	433.646	481.347	kr.
DN 32 mm heimæð	551.335	611.982	kr.
DN 40 mm heimæð	625.553	694.364	kr.
DN 50 mm heimæð	1.431.351	1.588.800	kr.
Bráðabirgðatenging, t.d. vinnuskúrar	37.109	41.191	kr.

Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra umfram 50 metra (20 metra innan lóðamarka).

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar en fyrir heimæðar 50 mm og stærri er kostnaðarverð reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

	<i>án vsk</i>	<i>m. 24% vsk</i>	
Púlsmerki frá mæli	19.915	24.695	kr.
Ídráttarrör fyrir rafmagnsheimtaug og fjarskipti	35.188	43.633	kr.

III. KAFLI

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS Veitur hf. hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	<i>án vsk</i>	<i>m. 24% vsk</i>	
Opnunargjald	7.655	9.492	kr.

9. gr.

Eftirlitsmanni HS Veitna hf. skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatnini.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 11% bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns og heimæða til annars en húshitunar og opnunargjald þar sem virðisaukaskatturinn er 24%.

Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2% orkuskatts á smásöluverð.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS Veitna hf. staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 2022 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 1611/2021.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 3. maí 2022.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Hreinn Hrafnkelsson.